



## UMBOÐSMAÐUR BARNA

B.t. borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar og Borgarráðs

Reykjavík 30. ágúst 2022

### **Efni: Réttindi barna í leikskólum**

Samkvæmt lögum um umboðsmann barna, nr. 83/1994, er það hlutverk embættis umboðsmanns barna að vinna að því að fullt tillit sé tekið til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, með því að setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Þá ber umboðsmanni jafnframt að stuðla að því að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, sbr. lög nr. 19/2013, sé virtur ásamt öðrum alþjóðasamningum sem varða réttindi og velferð barna.

Fram hefur farið umræða í þjóðfélaginu um málefni leikskóla í Reykjavíkurborg og í kjölfarið kynnti Borgarráð tillögur að bráðaaðgerðum á því sviði, þann 18. ágúst síðastliðinn. Í því samhengi vill umboðsmaður barna vekja athygli á eftirfarandi atriðum:

Þann 28. janúar sl. sendi umboðsmaður barna bréf til Reykjavíkurborgar, ásamt öðrum sveitarfélögum í landinu, þar sem áréttuð var skylda sveitarfélaga að leggja sérstakt mat á þau áhrif sem ákvarðanir þeirra hafa á börn. Matið er liður í því að kanna hvort ákvörðunin samræmist 3. gr. Barnasáttmálans, sem kveður á um að það sem börnum er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang, þegar gerðar eru ráðstafanir sem varða þau. Á það ekki síst við þegar teknar eru ákvarðanir sem varða með beinum hætti hagsmuni og velferð barna, eins og til dæmis skipulag og starfsemi leikskóla. Leiði mat á áhrifum í ljós að um neikvæð áhrif á börn er að ræða, ber sveitarfélögum skylda til þess að leita allra leiða til þess að fyrirbyggja slík áhrif, og grípa til mótvægisáðgerða í þeim tilvikum þar sem það er ekki unnt.

Ýmis lög og reglur gilda um leikskólastarf þar sem m.a. eru skilgreindar lágmarkskröfur til húsnæðis leikskóla og aðbúnaðar barna sem þar dvelja. Má sem dæmi nefna lög um leikskóla, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla og aðalnámskrá leikskóla, en tilgangur regluverksins er að tryggja öryggi, réttindi og velferð barna, en um leið að tryggja jafnfræði barna, sem eiga öll að fá notið farsællar leikskólagöngu í viðunandi umhverfi sem styður við þroska þeirra.

Markmið laga um leikskóla nr. 90/2008 er að tryggja að velferð og hagur barna sé leiðarljós í öllu starfi leikskóla, og að börnum sé búið öruggt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Leikskólahúsnæði á að taka mið af þörfum barna og tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks í leikskólum, sbr. 12. gr. laganna.

Þá er kveðið á um lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar barna í leikskólum í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009. Þar kemur fram að húsnæði, skólalóð og allur búnaðar skuli uppfylla kröfur laga um leikskóla, reglugerðar um starfsumhverfi leikskóla, aðalnámskrár

leikskóla og laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá er sérstaklega tekið fram í 5. gr. reglugerðarinnar að til nauðsynlegrar lágmarksaðstöðu í leikskólum telst m.a. afmörkuð og skipulögð skólalóð með áherslu á sem mesta fjölbreytni í leik- og námsaðstöðu. Í aðalnámsskrá leikskóla kemur fram að þegar námsumhverfi leikskóla innan- og utandyra er skipulagt þarf að hafa í huga markmið leikskólastarfsins. Umhverfið þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og jafnframt hvetjandi og aðlaðandi. Enn fremur kemur þar fram að leikskólalóð sé mikilvægt námsrými sem á að hvetja börn til leiks, til að rannsaka, hreyfa sig og tjá sig á mismunandi vegu.

Samkvæmt framangreindu leggur umboðsmaður barna áherslu á að tillögur um aðgerðir í leikskólamálum uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi leikskóla. Allar tillögur sem varða börn sérstaklega þarf að meta út frá áhrifum á þau og hagsmuni þeirra, en ef aðstæður eru þannig að þær kalli á bráðaáðgerðir, ber borgaryfirvöldum samt sem áður að tryggja að þær séu ekki framkvæmdar á kostnað öryggis eða réttinda barna.

Virðingarfyllt,



Salvör Nordal, umboðsmaður barna